

ÁKÆRA

HÉRAÐSSAKSÓKNARI

gjörir kunnugt:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur

Júlíusi Vífli Ingvarssyni, kt. 180651-3309,
Hagamel 2, Reykjavík,

fyrir peningabætti, með því að hafa árin 2010 til 2014 geymt á bankareikningi sínum nr. 488380 hjá UBS banka á Ermarsundseyjunni Jersey, andvirði 131 til 146 milljóna króna, í bandaríkjadöllum, evrum og sterlingspundum, sem að hluta voru ávinningur refsiverðra brota, þar sem um var að ræða tekjur sem ákærða höfðu hlotnast nokkrum árum fyrr, en ekki talið fram til skatts, og því ekki greitt tekjuskatt og útsvar af í samræmi við ákvæði skattalaga, ásamt vöxtum af því fé, og hafa árið 2014 ráðstafað umræddum fjármunum af fyrnefndum bankareikningi hjá UBS banka inn á bankareikning nr. 0260.1020 02.01, hjá bankanum Julius Bär í Sviss, sem tilheyrði vörslusjóðnum Silwood Foundation, en réttthafar vörslusjóðsins voru ákærði, eiginkona hans og börn. Fjárhæð hins ólögðmæta ávinnings, þ.e. þeir skattar sem ákærði kom sér undan að greiða og vextir af því fé, sem ákærði þvættaði með þessum hætti, var á bilinu 49 til 57 milljónir króna.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.


Röksemdir sem málsóknin byggist á skv. d lið 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Peningabætti er refsivert brot skv. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með lögum nr. 149/2009, sem tóku gildi í lok árs 2009, var gildissvið ákvæðisins rýmkað til muna og nær ákvæðið nú til ávinnings allra refsiverða brota auk þess sem refsihámark 1. gr. 264. gr almennra hegningarlaga var hækkað í 6 ár. Þá var sjálfþvætti gert refsivert, sbr. nú 2. mgr. 264. gr laganna, þ.e. að refsivert varð að þvætta ávinning af eigin afbrotum. Var því það brot sem hér er ákært fyrir refsivert frá þeim tíma, þ.e. frá 30. desember 2009.

Sá ávinningur sem hér er ákært fyrir þvætti á kom til vegna skattalagabrota ákærða á gjaldaárinu 2006 eða fyrir þann tíma. Hlotnuðust ákærða tekjur árið 2005, eða fyrr, en taldi þær ekki fram til skatts í samræmi við lagaskyldu þar um. Gerðist ákærði með því sekur um refsivert brot gegn skattalögum, þar sem hann kom sér undan því að greiða tekjuskatt og útsvar af umræddum tekjum sínum, sem var samanlagt á árunum fyrir 2006 allt að 38 til 39% af tekjuskattsstofni. Umrædd skattalagabrot eru fyrnd en það breytir ekki þeirri staðreynd að sá hluti fjármunanna sem greiða hefði átt í tekjuskatt og útsvar og sá ávinningur sem hann hefur haft af þeim síðar, s.s. vaxtatekjur og gengishagnaður, er andlag peningaþvættisbrots ákærða, sem hér er ákært fyrir, þar sem umrætt fé er ávinningur af skattalagabrotum ákærða sem voru refsiverð þegar þau voru framin. Var heildarávinningur vegna brotanna, sem ákærði þvættaði með þessum hætti, á bilinu 49 til 57 milljónir króna.

Ákærði viðurkenndi við rannsókn málsins að um væri að ræða tekjur sem hann hefði ekki gefið upp til skatts og því ekki greitt tekjuskatt eða útsvar af þeim. Hann hefur hins vegar ekki viljað segja nákvæmlega til um það hvenær umræddra tekna var aflað og er því ekki hægt að segja með fullkominni vissu hver ávinningurinn var þar sem hlutfall tekjuskatts og útsvars af tekjuskattsstofni var breytilegt á árunum fyrir 2006.

Skrifstofa héraðssaksóknara,
Reykjavík, 28. júní 2018.



Björn Þorvaldsson,
saksóknari

